

10 um frá 20. desbr. 1890, að því er snertir viðurværi á skipum, sem ganga til 29. febr. þorskveiða við strendur landsins.

Reykjavík, 29. febrúar 1896. Landshöfðinginn yfir Íslandi.

**Magnús Stephensen.**

*Hannes Hafstein.*

11 Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um gjöf frá C. V. R. Lotz til ýmsra 8. jan. styrktarsjóða á Íslandi. (Ágrip). Með brjefum þessum var amtmönnum skýrt frá, að greiddar hefðu verið í aðal-fjehirzlu 20,000 krónur, sem C. V. R. Lotz, skrifari í Kaupmannahöfn, með arfleðsluskrá, dags. 4. nóv. 1889, hefði ánafnað eptirnefndum 4 sjóðum á Íslandi, sem hafa það verksvið að styrkja ekkjur og börn drukknæðra sjómanna:

1. Fiskimannasjóði Kjalarnessþinga 5000 kr.
2. Styrktarsjóði handa ekkjum og börnum Ísfirðinga þeirra, er í sjó drukna, 5000 kr.
3. Styrktarsjóði handa ekkjum sjódrukknaðra manna og börnum þeirra í Fljótum og Siglufirði 5000 krónur.
4. Styrktarsjóði handa ekkjum sjódrukknaðra manna í Grýtubakkahreppi 5000 krónur.

Var amtmönnum tilkynnt, að stjórnarnefndum tjeðra sjóða mundu verða útborgaðar hinar ánöfnuðu upphæðir úr jarðabókarsjóði, þegar þær ljeti vitja þeirra, og færðu nægilegar sönnur á heimild sína. Þó var útborgunin til hins síðast nefnda sjóðs bundin því skilyrði, að skýrslur væri sendar um fjárhag sjóðsins og konungleg staðfesting fengin á skipulagsskrá hans.

Ákvörðunin í arfleðsluskrá C. V. R. Lotz er svo hljóðandi:

Jeg undirskrifaður C. V. R. Lotz ákveð hjer með það er hjer á eptir fer, sem minn síðasta vilja:

.....

§ 7.

Til þess að styrkja ekkjur og börn drukknæðra fiskimanna á Íslandi skal verja 20,000 króna upphæð, sem greiða skal eptirnefndum 4 styrktarsjóðum, sem til eru á Íslandi, hverjum 5000 krónur.

Styrktarsjóðirnir eru þessir:

- a. Styrktarsjóður fyrir ekkjur og börn drukknæðra manna í Kjalarnessþingum, formaður bæjarfógeti H. Daníelsson.
- b. Styrktarsjóður fyrir ekkjur og börn sjódrukknaðra manna í Ísafjarðarsýslu, formaður bæjarfógeti Sk. Thoroddsen.
- c. Styrktarsjóður fyrir ekkjur og börn drukknæðra manna við Eyjafjörð, formaður fyrirv. alþingismaður Einar Ásmundsson.
- d. Styrktarsjóður fyrir ekkjur og börn drukknæðra manna í Fljótum og Siglufirði, formaður fyrirv. alþingismaður Einar Ásmundsson.

.....

Kaupmannahöfn 4. nóv. 1889.

C. V. R. Lotz.